

Sól, gleði og skapandi skrif

í fjallaborpinu Vilaflor á Tenerife

11. – 18. september, 2018

Ferðinni er heitið til Tenerife og munum við dvelja í fjallaborpinu Vilaflor þar sem sköpunin og gleðin verða við völd. Vilaflor liggur við fótinn á þjóðgarðinum El Teide og er það þorp á Spáni sem stendur hæst yfir hafi. Útsýnið yfir nærliggjandi þorp og sveitir og til hafs er bara engu líkt. Við gistum á yndislegu fjölskylduhóтели Alta Montana, í friðsælu og fallegu umhverfi sem mun án efa gefa innblástur til skapandi skrifa.

Björg Árnadóttir frá Stílvopninu mun kenna fólki skapandi skrif en hún hefur áratuga reynslu af ritlistarkennslu. Við munum einnig fara í skoðunarferðir með okkar lókal leiðsögumanni José Antonio Ortiz en einnig verður hægt að fara í göngur inn í þjóðgarðinn, slaka á við sundlaugina og skella sér á ströndina ef vill.



Ferðin er fyrst og fremst ætluð fólki sem vill skrifa, jafnt þeim sem fást við skriftir en vantar innblástur og þeim sem langar til að hefjast handa við skriftir en vita ekki hvernig þeir eiga að taka fyrsta skrefið. Auk þeirra eru vinir og makar velkomnir með og geta þá gert það sem þá langar á meðan á námskeiðinu stendur en jafnframt tekið þátt í skoðunarferðum, matmálistímum og öðrum félagslegum athöfnum hópsins.



Við gistum á **Alta Montana** litlu fjölskyldureknu hóteli í fjallaborpinu **Vila Flor** á Tenerife.

Farið verður í tvær skoðunarferðir þar sem hann **José Antonio Ortiz** frá **Imagine Tenerife** verður okkar leiðsögumaður.

Við förum í heilsdagsferð með honum yfir á norðurhluta eyjunnar til smábæjanna **Garachico**, **Santiago del Teide**, **San Juan de la Rambla** og **Mirador de Tierra del Trigo**.

Við munum njóta lókal matar og drykkjar, sögu og menningar. Heimsækjum **Lava Pools** og svömlum um í stund í þessum náttúrulegu hraunlaugum eða röltum um og njótum fagurs útsýnis.



Hálfsdagsferð í **Teide þjóðgarðinn** sem umkringir **El Teide**, hæsta fjall Spánar. Hér munum við stoppa á nokkrum stöðum og m.a. ganga á **Samara Volcano**, sem er lítið eldfjall í þjóðgarðinum. Endum ferðina á lautarferð í þjóðgarðinum í boði Antonio og stoppum í smábænum **Arguayo** á leið tilbaka.

Utan dagskrár fáum við góðan tíma til að bara vera og gera það sem hugur okkar stendur til. Þannig er hægt að fara í gönguferðir í nágrenninu, flatmaga við sundlaugina, taka sig saman og skreppa á ströndina eða jafnvel fara til að versla ef áhugi er fyrir því.



Valgerður Pálsdóttir, fararstjóri og eigandi Art Travel:

Valgerður er eigandi ferðaskrifstofunnar Art Travel og hefur rekið hana frá árinu 2010. Hún er menntaður uppeldisráðgjafi og leiðsögumaður og hefur tekið á mót fjölda hópa til Íslands, t.a.m. jógaþópum, myndlistarþópum, kórum, gönguhópum og fjölskyldum. Hún hefur einnig farið með Íslendinga til Tenerife og Katalóníu á jóganámskeið og myndlistarnámskeið. Upplifanir, samvera, gleði og spennandi skoðunarferðir hafa verið rauður þráður í öllum þessum ferðum.

Björg Árnadóttir, ritlistarkennari, rithöfundur og eigandi Stílvopnsins:

Björg hefur kennt ritlist síðan hún kynntist aðferðum skapandi skrifa á níunda áratugnum. Námskeið hennar í nafni Stílvopnsins hafa vakið athygli vegna hvetjandi kennsluhátta. Hún kennir ritun skáldskapar, endurminningaskrif og skoðanaskrif en á Tenerife verður lögð áhersla á skáldskaparþáttinn þótt einnig sé sóttur innblástur í umhverfi staðarins og sögu hvers og eins. Björg er myndlistarkennari og blaðamaður að mennt með meistaraþróf í kennslufræðum fullorðinna. Hún er félagi í Rithöfundasambandinu.



Verð:

1. Ferðin með námskeiði kostar kr. **229.000,-** á mann miðað við tvo saman í herbergi.

Aukagjald fyrir einbýli er kr. **30.000,-**

2. Fyrir maka og vini miðað við tvo saman í herbergi.

Ferðin með öllu eftirtöldu (án námskeiðs) kr. **198.000,-**

Aukagjald fyrir einbýli er kr. **30.000,-**



Innifalið:

- Flug með WOW air, ein 20 kg innrituð taska á mann.
- Gisting á Alta Montana með hálfu fæði í sjö nætur, (morgunverður og hádegismatur eða kvöldmatur)
- Rúta til og frá flugvelli
- Fararstjórn
- Námskeið í skapandi skrifum – 20 tímar
- Ein heilsdagsferð og ein hálf dagsferð með leiðsögn, mat og drykk.

Lágmarkspátttaka í ferðina miðast við 10 manns en hámarksfjöldi 20 manns.

Upplýsingar og skráning hjá **Valgerði Pálsdóttur** í síma: **8979990** eða með því að tölvupóst í á **info@arttravel.is**

Frestur til að skrá sig og greiða er í síðasta lagi 10. ágúst, n.k.

Dagskrá

Þriðjudagur, 11. september,

07:00 Hópurinn hittist í Leifsstöð

09:00 Brottför

15:40 Lendum á Tenerife

17:00 Koma á hótél Alta Montana í bænum Vila Flor

18:00 Hópurinn hittist, kynning á námskeiði og ferðinni

19:00 Kvöldverður

Miðvikudagur, 12. september

08:00 Morgunverður

09:00 Námskeið í skapandi skrifum hefst

13:00 Hádegishlé og frjáls tími.

Göngutúr um þorpið Vilaflor fyrir þá sem vilja.

17:00 – 18:00 Námskeið

19:00 Kvöldverður

Fimmtudagur, 13. september

08:00 Morgunverður

10:30 Heilsdags skoðunarferð til norður Tenerife með hinum eina sanna Antonio frá Imagine Tenerife.

Við upplifum stórkostlega náttúru eyjunnar og heimsækjum staði sem fæstir ferðamenn fá að sjá sem og njóta veitinga á stöðum sérstaklega völdum af Antonio. Þeir sem vilja geta baðað sig í Lava Pools sem eru náttúrulegar hraunlaugar í flæðarmálinu.

17:00 – 18:00 Námskeið

19:00 Kvöldverður (ekki innifalinn)

Föstudagur, 14. september

08:00 Morgunverður

09:00 Námskeið í skapandi skrifum

13:00 Hádegishlé og frjáls tími.

17:00 – 18:00 Námskeið

19:00 Kvöldverður

Stjörnuskoðun við hótél Alta Montana með Antonio

Laugardagur, 15. september

08:00 Morgunverður

10:30 Hálf dagsferð í Teide þjóðgarðinn sem umkringir El Teide, hæsta fjall Spánar, létt ganga og lautarferð.

15:00 – 18:00 Námskeið

Kvöldverður (ekki innifalinn)

Sunnudagur, 16. september:

08:00 Morgunverður

Frjáls dagur: Hægt að taka sig saman í minni hópum og fara á ströndina, skrifa, versla, eða bara vera og njóta.

19:00 Kvöldverður



Mánudagur, 17. september:

08:00 Morgunverður

09:00 Námskeið í skapandi skrifum

13:00 Hádegishlé og frjáls tími

17:00 – 18:00 Námskeiðslok

19:00 Lokakvöldverður

Þriðjudagur, 18. september:

08:00 Morgunverður

Pökkum saman.

13:30 Farið frá hóteli

14:30 Koma á flugvöll

16:50 Brottför

21:30 Koma í Keflavík

Með fyrirvara um breytingar á dagskrá

